



## Byggingarleyfisumsókn – Leiðbeiningar.

1. Aðaluppdrættir skulu vera af stærðinni A2 eða A1 í þríriti og skulu þeir vera áritaðir af hönnuði sem hefur starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun.
2. Á aðaluppdráttum skulu koma fram útlitsmyndir mannvirkisins frá öllum hliðum, grunnmynd eða grunnmyndir sé mannvirkjið á fleiri en einni hæð. Þessir uppdrættir skulu að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Afrit af uppdráttum á pdf- formi skal jafnframt senda á netfangið [bthe@itn.is](mailto:bthe@itn.is)
3. Afstöðumynd er að jafnaði í mælikvarða 1:500 eða 1:1000. Á afstöðumynd skal koma fram staðsetning mannvirkja á lóðinni og málsetning sem sýnir fjarlægð frá lóðamörkum. Einnig skulu koma fram útlínur á nærliggjandi lóðum, mannvirkjum og aðkomu. Gera skal grein fyrir bílastæðum og staðsetningu rotþróar þegar það á við.
4. Skráningartafla: Með byggingarleyfisumsókn skal fylgja skráningartafla á pappír (má vera A4). Skráningartöflu skal einnig senda rafrænt á excel- formi á netfangið [bthe@itn.is](mailto:bthe@itn.is) Þegar sótt er um byggingarleyfi vegna breytinga skal fylgja skráningartafla þegar breyting felur í sér breytta stærð eða breytt eignamörk.
5. Byggingarlýsing: Á aðaluppdrætti skal vera byggingarlýsing í samræmi við grein 4.3.9 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
6. Byggingarstjóri: Með umsókn um byggingarleyfi skal fylgja ábyrgðaryfirlýsing byggingarstjóra og staðfesting tryggingarfélags á ábyrgðartryggingu hans.
7. Byggingarleyfisgjöld: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal greiða byggingaleyfisgjöld eða semja um greiðslu þeirra.
8. Séruppdrættir: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal skila burðarpols- og lagnateikningum og öðrum séruppdráttum í tvíriti árituðum af hönnuðum sem hafa starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun. Afrit af séruppdráttum á pdf- formi skal jafnframt senda á netfangið [bthe@itn.is](mailto:bthe@itn.is)
9. Umsók um byggingarleyfi er lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd til afgreiðslu. Skipulags- og byggingarnefndarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Skal erindum komið til skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 sex dögum fyrir fund.